

Þriðjudaginn 25. mars 1986.

Nr. 108/1985

**Olga Björk Guðmundsdóttir og  
Guðrún Álfgeirsdóttir**

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

**Guðnýju Jóhannsdóttur**

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

Útburðargerð. Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað upp Þorsteinn S. Thorarensen borgarfégeti.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. maí 1985 og krefjast þess aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur en til vara að hann verði úr gildi felldur. Þá krefjast þær málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Stefnda krafðist þess með bréfi til borgarfégetaembættisins 1. apríl 1985 að áfrýjendur yrðu ásamt sameigarfyrirtæki sínu, Ísbjörgu sf., bornar út úr húsnæði sem þær höfðu á leigu í húsnæði stefndu á Laugavegi 72 hér í borg. Hefðu þær eigi greitt leigu fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars 1985 og eigi sinnt greiðsluáskorun sem þeim hafði verið birt 22. mars.

Málið var tekið fyrir í fégetarétti Reykjavíkur 9. apríl. Áfrýjendur mótmæltu framgangi gerðarinnar. Úrskurður fégetaréttar, sem kveðinn var upp 29. apríl 1985 af Þorsteini Thorarensen borgarfégeta, er án forsendna og hljóðar svo:

„Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.“

Fram hefur komið við flutning málsins fyrir Hæstarétti að gerð þessi fór aldrei fram og fluttust áfrýjendur úr umræddu húsnæði án þess að til hennar kæmi. Kveður lögmaður stefndu áfrýjendur hafa rýmt húsnæðið án fyrirvara hinn 20. maí 1985 og hafa eigi komið fram mótmæli gegn því af hálfu áfrýjenda.

Eins og nú er komið þykja áfrýjendur eigi hafa lögmæta hagsmuni af því að kveðið verði á um réttmæti hinnar fyrirhuguðu útburðargerðar. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

**Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 29. apríl 1985.**

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþolar greiði in solidum gerðarbeiðanda kr. 5.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför.

---

Miðvikudaginn 2. apríl 1986.

Nr. 77/1986. **Geir Viðar Vilhjálmsson**  
 gegn  
**Friðrik G. Friðrikssyni**

Útivistardómur. Ómaksbætur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Geir Viðar Vilhjálmsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 720,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Friðrik G. Friðrikssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta 1.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

---